

# SJÓNAUKINN

1. JÚNÍ 2022 - 7. JÚNÍ 2022

• 21. tölublað • 37. árgangur •

## Tónlistarskóli Húnaþings Vestra

Umsókn um skólavist fyrir 2022 - 2023

Umsóknafrestur hefur verið framlengdur og lýkur  
nú 8. júní.

Hægt er að læra á píanó, harmonikku, gítar, trommur,  
strengja-, tré- og  
málmblasturshljóðfæri og söng hjá okkur og við erum  
með úrval af hljóðfærum til leigu.

Umsóknum þarf að skila skriflega til skólastjóra á netfangið  
**maria@skoli.hunathing.is.**

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókninni:

Nafn nemanda og kennitala

Heimilisfang og símanúmer

Hljóðfæraval (þ.a.m. söng)

Námshlutfall – hálf (30 mín. á viku)

eða fullt (60 mín. eða 2 x 30 mín.)

Nafn og símanúmer foreldra/forráðamanna þar sem við á  
og nafn/kt greiðanda.

ATH. Ef þú hefur leigt hljóðfæri hjá okkur í vetur (eða áður)  
og hefur ekki enn skilað því, vinsamlegast skildu það eftir í  
móttöku skólans - merkt nafni þínu - fyrir lok þessari viku.

# Atvinnu- og nýsköpunarsjóður Húnaþings vestra

Húnaþing vestra auglýsir hér með eftir umsóknum í Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra.

Markmið Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra er að hvetja til jákvæðrar umræðu og verkefna á sviði atvinnuþróunar í sveitarfélaginu. Sjóðnum er ætlað að styðja við frumkvæði íbúa og hvetja til samstarfs og nýsköpunar í sveitarfélaginu.

Áherslur Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra lúta að verkefnum sem stuðlað geta að auknum umsvifum, betri afkomu, rekstri fyrirtækja og þróun og nýsköpun í atvinnulífi í Húnaþingi vestra. Styrkir sem veittir eru úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra eru fyrst og fremst verkefna- og framkvæmdastyrkir, ekki rekstrarstyrkir eða styrkir til að mæta opinberum gjöldum eða greiða skuldir.

Væntanlegum umsækjendum og öðrum áhugasömum er bent á að úthlutunarreglur og umsóknareyðublað sjóðsins er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is)

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri í síma **455-2400** eða á netfanginu **[rjona@hunathing.is](mailto:rjona@hunathing.is)**

Umsóknir skulu berast á netfangið **[skrifstofa@hunathing.is](mailto:skrifstofa@hunathing.is)** á sérstöku umsóknareyðublaði eigi síðar en 18. júní nk.

Hvammstangi 27. maí 2022

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.



# Nýr rafverktaki í Húnaþingi með aðsetur á Laugarbakka

Öll almenn raflagnþjónusta í boði.

Einþór Skúlason löggiltur rafverktaki,  
sími **8321020**, tölvupóstur **eskula@online.no**



## Augnlæknir

Örn Sveinsson augnlæknir verður á  
Heilsugæslustöðinni á Hvammstanga dagana  
21., 22. og 23. júní n.k.

Tímamantanir í síma **432 1300**.

Heilsugæslan

## Matráður

Matráður óskast í vinnubúðir að Sölvabakka  
(nálægt Blönduósi).

Unnið er aðrahvora viku, virka daga.

Frábær laun og aðstaða í boði!

Allar upplýsingar er að fá á netfanginu **roga@simnet.is**,  
þangað má einnig senda umsóknir.

# Fermingarmessa í Hvammstangakirkju hvítasunnudag 5. júní kl. 11.00.

Fermd verða:

Anna Sveinborg Guðjónsdóttir.

Erla Rán Hauksdóttir.

Victor Þór Sigurbjörnsson.

Allir velkomnir

Sóknarprestur



## HÉRAÐSFUNDUR

HÉRAÐSFUNDUR HÚNAVATNS- OG  
SKAGAFJARÐARPRÓFASTSDÆMIS ÁRIÐ 2022

verður haldinn **mánudaginn 6. júní nk., annan í  
hvítasunnu, á Hvammstanga.**

Fundurinn hefst með messu í Hvammstangakirkju  
kl. 11.00.

Sr. Magnús Magnússon sóknarprestur í  
Húnavatnsprestakalli þjónar fyrir altari og sr. Solveig Lára  
Guðmundsdóttir vígslubiskup á Hólum prédikar.

Kirkjukór Hvammstanga leiðir sálmasöng en organisti er  
Eypór Franzson Wechner.

Hefðbundin héraðsfundarstörf hefjast í Safnaðarheimili  
Hvammstangakirkju kl. 13.30.

Fundurinn er opinn öllu þjóðkirkjufólki, sem hefur þar  
málfrelsi og tillögurétt.

Atkvæðisrétt hafa tveir fulltrúar frá hverri sókn.

Prófastur